

Stofnanasamningur

milli Eflingar stéttarfélags og Landspítala um forsendur röðunar starfa.

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra starfsmanna Landspítala sem starfa og njóta ráðningarkjara skv. kjarasamningi Eflingar-stéttarfélags, sbr. grein 11.1 í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og félagsins hins vegar.

2. Starfaflokkun, grunnröðun o.fl.

Starfsheiti	Nánari lýsing	Grunnröðun	Starfsreynsla*			Formleg menntun	Endur og símenntun	Næturvaktir	Sérstök ábyrgð í starfi
			1 ár	3 ár	5 ár				
Starfsmaður A	Störf við ræstingu, í þvottahúsi, eldhúsi, matsal og býtibúri	070	1 lfl.	1 lfl.	1 lfl.	1-2 þrep	1-3 þrep	2-3 þrep	1 þrep
Starfsmaður B	Störf í aðhlynningu/umönnun við sjúklinga, auk annarra sérhæfðari starfa	080	1 lfl.	1 lfl.	1 lfl.	1-2 þrep	1-3 þrep	2-3 þrep	1 þrep
Félagsliði 1		140				1-2 þrep	1-3 þrep	2-3 þrep	
Félagsliði 2	eftir 1 ár í starfi	150				1-2 þrep	1-3 þrep	2-3 þrep	
Félagsliði 3	eftir 3 ár í starfi	160				1-2 þrep	1-3 þrep	2-3 þrep	
Félagsliði 4	eftir 5 ár í starfi	180				1-2 þrep	1-3 þrep	2-3 þrep	
Matartæknir 1*		140				1-2 þrep	1-3 þrep	2-3 þrep	
Matartæknir 2*	eftir 1 ár í starfi	150				1-2 þrep	1-3 þrep	2-3 þrep	
Matartæknir 3*	eftir 3 ár í starfi	160				1-2 þrep	1-3 þrep	2-3 þrep	
Matartæknir 4*	eftir 5 ár í starfi	180				1-2 þrep	1-3 þrep	2-3 þrep	
Verkstjóri	í ELM, þvottahúsi/ræstingu	090	1 lfl.	1 lfl.	1 lfl.	1-2 þrep	1-3 þrep	2-3 þrep	

*1 Starfsreynsla er í starfi á Landspítala eða öðrum sambærilegu starfi

*2 Matartæknir sem er verkstjóri raðast 1 lfl. ofar en ella

3. Menntun starfsmanna sem telst nýttast í starfi og er umfram grunnkröfur starfs

Hækkun vegna menntunar sem nýtist í starfi getur orðið allt að fimm þrep

- **Formleg menntun umfram grunnkröfur starfs allt að** Launabrep
 - ◊ Skipulagt eins til tveggja ára nám sem nýtist í starfi 1 þrep
 - ◊ Skipulagt þriggja ára nám eða lengra sem nýtist í starfi 1 þrep til viðbótar
- **Endur- og símenntun / starfsmenntun allt að** Launabrep
 - ◊ 60 kennslustunda námskeið sem nýtist í starfi 1 þrep
 - ◊ 120 kennslustunda námskeið sem nýtist í starfi 1 þrep til viðbótar
 - ◊ 200 kennslustunda námskeið sem nýtist í starfi 1 þrep til viðbótar

4. Næturvinna

Sé gert ráð fyrir að 50% af fullu starfi eða meira sé unnið að næturlagi (þ.e. næturvakt sem unnin er á tímabilinu frá kl. 23:00 til 08:30) skal þess sérstaklega getið í starfslýsingu og ráðningarsamningi við viðkomandi starfsmann

- Ef gert er ráð fyrir að a.m.k. 50% af fullu starfi sé unnið á þennan hátt greiðist álag sem nemur **2 þrepum**.
- Sé hins vegar gert ráð fyrir að 60% eða meira af fullu starfi sé unnið að næturlagi, greiðist álag sem nemur **3 þrepum**.

5. Sérstök ábyrgð í starfi

Sérstök ábyrgð í starfi

1 þrep

-Verkefni sem krefjast sérstakrar ábyrgðar umfram grunnkröfu starfsins.

-Á einungis við vegna starfsmanna A og B

6. Annað

Heimilt er að meta til viðbótar við röðun starfsheita aðra þætti sem skipta máli fyrir deild á Landspítala, enda hafi ekki verið tekið tillit til þeirra í grunnröðun starfsins.

7. Gildistími

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2026.

Reykjavík 29.janúar 2025

F.h. Landspítala

F.h. Eflingar – stéttarfélags

Undirritunarsíða

f.h. Landspítala
Atli Atlason

f.h. Landspítala
Gunnar Helgason

f.h. Eflingar stéttarfélags
Sólveig Anna Jónsdóttir

f.h. Eflingar stéttarfélags
Ragnar Ólason